

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Lambafell, nýtt deiliskipulag.*

Bygðarráð Rangárþings eystra samþykkti 26. ágúst 2021 tillögu að deiliskipulagi á Lambafelli. Skilgreind verður ein ný lóð, Lambafell 2 þar sem áformað er að reisa hótél með allt að 60 herbergjum fyrir allt að 130 gesti ásamt gestamóttöku, veitingasölu, aðstöðu fyrir starfsmenn auk heilsulindar. Lambafell, lóð 8 verður stækkuð og útbúnir tveir byggingarreitir. Á byggingarreit B-01 er gert ráð fyrir 25 smáhýsum til útleigu með heildarbyggingarmagni allt að 350 m<sup>2</sup>. Á byggingarreit B-02 stendur gamla bæjarhúsið sem verður nýtt sem þjónustumiðstöð. Einnig verður heimild fyrir stækkun gamla íbúðarhússins um allt að 50 m<sup>2</sup>. Að auki er gert ráð fyrir allt að 50 m<sup>2</sup> aðstöðuhúsi og baðaðstöðu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Nýr ofanbyggðarvegur á Hvolsvelli, nýtt deiliskipulag.*

Bygðarráð Rangárþings eystra samþykkti 29. júlí 2021 tillögu að deiliskipulagi fyrir nýjan ofanbyggðarveg á Hvolsvelli. Vegurinn mun liggja frá hringtorgi við Þjóðveg 1, sem staðsett verður vestan við Hvolsvöll. Frá hringtorginu mun vegurinn liggja norður fyrir byggðina á Hvolsvelli og tengjast Nýbýlavegi. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Völlur 1, nýtt deiliskipulagi.*

Bygðarráð Rangárþings eystra samþykkti þann 26. ágúst 2021 tillögu að deiliskipulagi á Velli 1. Tillagan tekur til u.þ.b. 22 ha svæðis jarðarinnar þar sem gert er ráð fyrir 21 lóð undir frístundahús. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Steinborg og Fagurholt, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 11. nóvember 2021 tillögu að deiliskipulagi á frístundahúsalóðunum Steinborg og Fagurholti. Á lóðinni Steinborg er heildarbyggingarmagn allt að 740 m<sup>2</sup> og að hámarki 5 hús. Á lóðinni Fagurholti er heildarbyggingarmagn allt að 420 m<sup>2</sup> og að hámarki 3 hús. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Ormsvöllur, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 11. nóvember 2021 tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Ormsvelli. Breytingin felur í sér að lóðinni nr. 2 við Ormsvöll er skipt upp í tvær lóðir, Ormsvöll 2a og Ormsvöll 2b. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 21. desember 2021.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Guðmundur Úlfar Gíslason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.